

Stjórnarfundur nr. 3

29. ágúst 2012 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur Jóhannsson og Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 25.-26. ágúst 2012

A-2606

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands var haldin um síðustu helgi í húsnæði að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík. Alls voru sýndir 719 hundar af 83 hundategundum. Sex dómarrar frá fjórum löndum dæmdu á sýningunni; tveir frá Belgíu þau Rita Reyniers og Theo Leenen, Harry Tast frá Finnlandi, Colette Muldon frá Írlandi og Stefan Sinko & Olga Sinko frá Slóveníu. Keppni ungra sýnenda var á föstudeginum kl.19:00. Að þessu sinni tóku 25 ungmenni þátt í keppni ungra sýnenda, föstudaginn 24. ágúst kl.19:00. Dómari í yngri flokki var Theres Johansson og í eldri Börje Johansson. Á föstudeginum kom í ljós hvaða fjórir fulltrúar keppa fyrir hönd HRFÍ á Nordic Winner Show í Herning 3.- 4. nóvember en það eru þær: Brynja Kristín Magnúsdóttir, Elísabet Guðjónsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Theodóra Róbertsdóttir. Þær keppa bæði sem einstaklingar og í liðakeppni: Auður Sif Sigurgeirsdóttir fer með þeim sem liðsstjóri.

Shih tzu-, PMF-, Grefil- og spor- og Smáhundadeild áttu að aðstoða við uppsetningu, frágang og vinnu á sýningunni. Misjafnt var hvað deildirnar voru duglegar að manna sýninguna. Shih tzudeild stóð sig frábærlega bæði við uppsetningu, að manna störf á sýningunni og taka sýninguna niður. Einn kom frá PMF deild og tveir frá Grefil- og sporhundad. Grefil- og sporhundadeild gat ekki útvegað nema eina manneskju í vinnu við dyravöslu á sunnudeginum frá kl.8-10. Því miður létu margir sig hverfa eftir sýninguna og ekki var hægt að ljúka við að ganga frá á sunnudeginum þ.m.t. fulltrúar Smáhundadeildar og Grefil- og sporhundadeildar, einn mætti fyrir hönd PMF-deildar.

2. Umsókn um deildarsýningar

A-2607

Schnauzerdeild í samstarfi við St. Bernharðs-, PMF-, Terrier- og Yorskerterrierdeild óskar eftir leyfi sýningarstjórnar HRFÍ, ásamt stjórn HRFÍ til að halda deildarsýningu helgina 2. -3. mars 2013.

Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar þar sem von er á fleiri umsóknum og unnið er að breytingum á Starfsreglum ræktunadeilda, kaflanum um Deildarsýningar.

3. Erindi frá Fjár- og hjarðhundadeild

A-2608/A-2609

„Þar sem fyrri stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu hvað varðar ræktun á milli loðins og snögghærðs Collie var ákveðið að bera þetta mál undir ykkur í nýrri stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar“

Málið rætt og vísað til stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar til ákvörðunar.

4. Afreks- og þjónustuhundur 2012

Samþykkt að auglýsa og lengja frestinn til 20. október. Senda á formenn ræktunardeilda, póstlista og facebook.

5. Laugavegsganga- 6. október

Senda tölvupóst á viðburðanefndina og kanna hún sé tilbúin til að halda áfram að undirbúa gönguna. Stefna á að hafa gönguna 6. október. Auður Sif, Ágúst, Hafþór, Aðalbjörg Jóna, Vordís.

6. Augnskoðun á nóvembersýningu – Finn Bøserup og Susanne Kaarsholm – ný eyðublöð
Framkvæmdastjóri sér um framgang málsins.

7. Gæðahandbók fyrir HRFÍ. Tveir kennarar við HÍ hafa óskað eftir að nemar vinni að gæðaverkefni fyrir félagið

Samþykkt að fá þá á stjórnarfund til að kynna málið.

8. Einangrunarmál - Pet Passport

Magnús Orri Schram hafið samband og vildi vekja málið aftur upp en það verður aftur lagt fyrir þingið í haust. Hann lagði til að opna umræðuna meðal félagsmanna t.d. með skrifum í Sám.

Samþykkt að fá flutningsmenn frumvarpsins á fund með stjórn.

9. Önnur mál

• Gjaldkeri HRFÍ

Anna Flygenring hafði samband við formann og baðst undan því að vera gjaldkeri félagsins. Delia Howser hefur samþykkt að taka starfið að sér.

• **Stefnumótunarteymi – kynning verður á stjórnarfundi í október.**

• **Uppskeru- og aðventukvöld - 1. desember – athuga Fákshemilið.**

• **Tvær fyrirspurnir frá Ólafi E. Jóhannssyni til formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ:**

Óskað er eftir skriflegum svörum um stöðu mála varðandi tölvukerfi og heimasíðu HRFÍ og Hundaskóla HRFÍ sem fyrst:

1. Hver er staða vinnu við tölvukerfi og heimasíðu HRFÍ?
2. Hvenær var samningur gerður um verkefnið og við hvern?
3. Hver eru umsamin verklok skv. þeim samningi?
4. Hver er fjáræð samningsins og hvaða greiðslur hafa farið fram á grundvelli hans?
5. Um langa hríð hefur ekki verið unnt að greiða skráningargjald vegna sýninga og prófa í gegnum netið. Hver er skýringin á því að það er ekki hægt?
6. Hver hefur aðsókn að Hundaskóla HRFÍ verið sl. 3 ár?
7. Hverjar hafa tekjur og gjöld verið af þessari starfsemi á sl. 3 árum?
8. Hver er fjárhagsleg afkoma Hundaskóla HRFÍ sl. 3 ár?
9. Hverjir hafa annast um kennslu við skólann og hvernig hafa kennarar verið valdir til starfa?
10. Hafa kennarar við skólann fengið greitt fyrir vinnu sína og ef svo er, með hvaða hætti hafa þær greiðslur verið, þ.e. eru viðkomandi kennarar launþegar eða verktakar?

Fundi slitið kl.18:50

Sign: *Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Delia Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur Jóhannsson.*